

LESTRARNÁM Í I. BEKK SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA

Steinaskóli

Dæmi um kynningu skóla

EFNI FUNDAR

- Við sem kennum lestur í 1. bekk
- Mikilvægi góðs samstarfs heimila og skóla
- Um hvað erum við að tala? Hugtök og skilgreiningar
- Hvernig lestrarkennslan fer fram í skólanum
- Hvernig við metum lestur
- Skipulag heimalestrar
- Styðjandi aðferðir

UMSJÓNARKENningarar OG Stoðþjónusta

- Í 1. bekk vinna umsjónarkennarar, sérkennari og stuðningsfulltrúar saman sem ein heild.
- Sigga sérkennari vinnur náið með umsjónarkennurum og kemur að kennslu þeirra nemenda sem þurfa á því að halda.
- Í kjölfar mats á lestri nemenda er þörf fyrir stoðþjónustu endurskoðuð.
- Aron stuðningsfulltrúi og umsjónarkennarar hlusta á nemendur lesa í skólanum.
- Sumir lesa daglega í skólanum, aðrir sjaldnar – þarfir nemenda eru misjafnar.

LEGGJUM GRUNN AÐ GÓÐU SAMSTARFI

- Nám barnanna er sameiginleg ábyrgð heimila og skóla.
- Til að samstarfið verði gott þurfa kennarar að bera virðingu fyrir þekkingu foreldra á börnum sínum og foreldrar þurfa að bera virðingu fyrir fagþekkingu kennara.
- Það er jákvætt fyrir bæði líðan og námsárangur nemenda ef við erum samstíga.
- Leitum til hvers annars og látum nemendur finna að við trúum á þá og munum leita lausna saman þegar eitthvað bjátar á.

STUÐNINGUR FORELDRA ER MIKILVÆGUR

- Fyrstu árin í grunnskólanum eru sérlega mikilvæg hvað varðar lestrarnám:
 - Bilið milli nemenda sem eiga auðvelt með lestrarnám og þeirra sem eiga erfitt með það hefur tilhneigingu til að breikka sé ekkert að gert – Mattheusar áhrif.
 - Snemmtæk íhlutun:
 - er að bregðast fljótt við erfiðleikum með viðeigandi kennslu.
 - getur dregið úr og jafnvel fyrirbyggt vanda.
- Viðhorf og væntingar bæði foreldra og kennara eru mikilvæg:
 - Jákvæðar væntingar skila meiri árangri en litlar eða engar væntingar.

MIKILVÆGAR FORSENDUR LESTARNÁMS

Hljóðkerfisvitund er getan til að greina stök hljóð tungumálsins og er mjög mikilvæg færni sem er þjálfuð í leikskólum og fyrstu bekkjum grunnskóla.

Börn með góða hljóðkerfisvitund kunna að:

- ríma.
- klappa atkvæði.
- greina einstök hljóð í orðum.
- vinna með hljóð í orðum til dæmis að skipta þeim út (rós verður dós, rólan verður rólar, rás verður rós).

Málproski og orðaforði er grunnurinn sem lestur byggist á.

Ef börn hafa lítið vald á tungumálinu er hætt við að lestrarnámið verði þeim erfitt, ekki síst þegar textinn þyngist og verður flóknari.

Orðaforði eru öll orð og hugtök sem einstaklingur skilur. Góður orðaforði er forsenda alls skilnings

Afar mikilvægt að efla mál og orðaforða barna með því að lesa fyrir þau, skoða hvað ýmis orð og hugtök þýða og gefa sér tíma til að ræða um innihaldið.


LESTRARKENNSLAN Í I. BEKK


- Hljóðaaðferð
 - Nemendur læra hljóð bókstafanna og hvernig á að tengja hljóðin saman í orð
 - $r - ó - s = rós$
 - $r - ó - s - i - n = rósín$
- Tveir til þrjár bókstafir og hljóð þeirra kenndir á viku.
- Kennari les sögu sem inniheldur mikið af hljóðum vikunnar.
- Nemendur og kennari safna orðum sem hafa stafi vikunnar í sér í orðaskjóðu.
- Ýmsar algengar orðmyndir kenndar s.s. ég, ekki, og.
- Nemendur vinna fjölbreytt verkefni tengd stöfum vikunnar í hringekju.
- Að þekkja bókstafstákn og hljóð við lestur og ritun.


Stafaþekking þarf að vera alveg sjálfvirk svo lestrarnám gangi vel!

DÆMI UM VERKEFNI

Hjálp!
Við höfum týnt fyrsta stafnum okkar.

Ó

Ó li


Ll

Lás

Ii

Ii

© 223skoll.is

Ee	Oó	Ll	li	Tt	Áá	Rr
É, é ég él vél sé fé	Ó, ó Óliver skór ól skóli blóm Nói stór ól jói gól görilla jólaveisur	Ll ljón lampi liverpool ljós Oliver hlaupa stóll klukka Lovisa gleraugu sól Elin Halla völ litur	Ll litur ll ingigerður inniþéki fiskur diskur teppi litur skærri Vælli Monika Kristinn Oliver Lilja	Tt stóll lest tagla Tandri talandi tár dagatal Dagbjört litur kístur kasta taska	Á, á Ái Ása kál ás bái ská Máni fá blár já tár álfar kálfar	Rr kafja orrnar Birkur rós boð tár brúna svartur blár Ari róbert rauður fær

Tengdu orð við mynd.



© 223skoll.is

ÝMISS KONAR LESTRARTENGD VERKEFNI Í I. BEKK

- Nemendum kennt að nota skólabókasafnið.
- Alla daga er yndislestur, nemendur lesa og fá að fara á bókasafnið.
- Ýmis verkefni unnin yfir veturinn með góðar barnabækur þar sem er m.a. unnið með:
 - Söguþráð.
 - Persónur.
 - Orðaforða.
- Ferð á bæjarbókasafnið.
- Höfundur kemur í heimsókn fyrir jólin og les.
- Jólalestur bókasafnsins í desember.
- Lestrarsprettur í febrúar.

MAT Á LESTRI Í I. BEKK

GLÆRA 1/2

- Áður en börnin hefja skólagöngu í Steinaskóla eru niðurstöður þeirra úr Hljóm-2 og ábendingar frá leikskólunum skoðaðar ef þau gögn eru tiltæk.
- Kennarar og sérkennari hafa farið yfir gátlista með bakgrunnsupplýsingum vegna lestrarnáms.
- Í fyrstu vikunni hittu allir nemendur Siggu sérkennara sem kannaði:
 - Stafapekkingu, bæði hástafi og lágstafi (stóra og litla stafi).
 - Þekkingu á hljóðum stafanna.
 - Lestur þeirra nemenda sem eru byrjaðir að lesa.

MAT Á LESTRI Í I. BEKK

GLÆRA 2/2

- Lesfimipróf Menntamálastofnunar í september – lagt fyrir þá nemendur sem eru byrjaðir að lesa.
- Leið til læsis - lesskimun fyrir I. bekk.
- Lesfimipróf og stuðningspróf Menntamálastofnunar í janúar – lagt fyrir þá sem eru tilbúnir.
- Lesfimipróf og stuðningspróf Menntamálastofnunar í maí.
 - Stuðningsprófin kanna:
 - **Orðleysur** (færni nemenda í að hljóða sig gegnum orð).
 - **Sjónrænan orðaforða** (þ.e. þau orð sem nemendur þekkja og þurfa ekki að hljóða sig í gegnum).
- Umsjónar- og sérkennari fylgjast náið með framvindu lestrarnámsins hjá öllum nemendum.
- Niðurstöður úr lesskimun og lesfimiprófum ávallt sendar/afhentar foreldrum/forráðamönnum.
- Mikilvægt að foreldrar fylgist einnig vel með og hafi samband við umsjónarkennara ef þeir hafa áhyggjur af framvindu lestrarnáms síns barns.

LESFIMI

AF HVERJU OG AÐ HVERJU STEFNUM VIÐ?

Stefnum að því að lesið sé ...

- með jöfnum og góðum hraða (sjálfvirkt og áreynslulaust).
- með nákvæmni.
- með eðlilegum áherslum.

**Lesfimi er nauðsynleg fyrir lesskilning
en ekki nægjanleg!**

Vegna þess að ...

- fjölmargar rannsóknir sýna að sterk tengsl eru milli lesfimi og lesskilnings og með því að bæta lesfimi nemenda eflist lesskilningur jafnframt.
- sá sem hefur góða lesfimi getur lesið texta að mestu áreynslulaust og því einbeitt sér að innihaldinu – **þess vegna er lesfimi mikilvæg fyrir skilning.**
- lesfimi er misgóð eftir þyngd texta – **þess vegna þarf að halda þjálfun áfram í fjölbreyttum textum sem þyngjast eftir því sem færni vex.**

LESFIMIVIÐMIÐ

LESFIMIVIÐMIÐ MMS – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu

Árgangur	Viðmið 1	Viðmið 2	Viðmið 3
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Í Steinaskóla er miðað við
lesfimiviðmið
Menntamálastofnunar

DÆMI UM LESTUR BARNA
HLUSTAD Á HLJÓÐDÆMI

Lestur barns sem les u.þ.b. 55 orð á mínútu?

HEIMALESTUR

- Lesið heima fimm sinnum í viku (á hverju sjö daga tímabili).
- Viðmið um lestrartíma eru 10 mínútur.
- Síðar í vetur bætast við verkefni sem fela m.a. í sér að skrifa stafi/orð eftir upplestri lestrarþjálfara.
- Umsjónarkennari fer yfir lestrarskjóður nemenda daglega og skiptir um bækur.
- Umsjónarkennari skráir ef heimalestri nemenda er ekki sinnt og hefur samband heim.
- Ef heimalestur gengur illa er haft samband heim og við leitum lausna saman.
- Gott ef foreldrar hafa frumkvæði að því að kalla eftir aðstoð ef heimalestur gengur illa.

Allt er betra en togstreita – finnum bestu lausnirnar saman!

GOTT AÐ HAFA Í HUGA TIL AÐ TÍMINN NÝTIST VEL

- Veljið þann tíma sem hentar ykkar barni best. Fyrir suma er best að lesa strax eftir skóla, öðrum hentar að lesa þegar komin er ró eftir kvöldmat.
- Að barnið sé ekki of þreytt, svangt eða annað sem orsakar vanlíðan og tekur athygli frá lestrinum.
- Að það sé gott næði meðan lesið er, reynið að lágmarka ytri áreiti svo sem af útvarpi.
- Að athygli þess sem hlustar sé öll á barninu og hlustunin virk.

EF HEIMALESTURINN GENGUR ERFIÐLEGA

Stundum gengur heimalesturinn ekki sem skyldi, það getur til dæmis verið vegna þess að barnið ræður illa við verkefnið eða skortir úthald og þrautseigju.

Leiðir til að auðvelda heimalesturinn:

- Er lesefnið of þungt? Hafa samband við kennara og ræða málið.
- Skipta heimalestrartímanum upp í 2x5 mínútur í stað þess að lesa í 10 mínútur í einu eða lesa í styttri tíma til að byrja með og lengja um mínútu annan hvern dag og auka þannig úthald barnsins.
- Notaðu styðjandi aðferðir til að hjálpa barninu.
- Hvernig nálgumst við verkefnið? Með jákvæðum og hvetjandi hætti eða neikvæðum?

ENDURTEKINN LESTUR: AÐ LESA SAMA TEXTANN OFTAR EN EINU SINNI

- Endurtekinn lestur er gagnlegur til að efla bæði lesfimi og lesskilning.
- Endurtekningin hjálpar nemandanum að festa orðmyndir í langtímaminni svo hann þekki útlit og hljóð orðsins án umhugsunar.
- Þegar lesið er aftur áttar nemandi sig oft á samhengi sem hann náði ekki í fyrstu atrennu vegna þess að einbeitingin fór í umskráninguna.
- Hægt er að nota ýmsar leiðir til að endurtaka lesturinn og er dæmi sýnt í myndbandinu þar sem styðjandi aðferðir eru notaðar til að leiða nemanda til sjálfstæðis.

STYÐJANDI AÐFERÐIR OG ENDURTEKINN LESTUR

- Bergmálslestur
- Kórlestur
- Víxllestur
- Að tengja saman styðjandi aðferðir

AÐ LOKUM FORELDRAR ERU LYKILFÓLK Í NÁMI BARNNA SINNA

- Heimalestur er verkefni sem skólinn hefur falið foreldrum að sinna. Börnin þurfa að finna að við stöndum saman í þessu verkefni.
- 10 mínútur á dag er ekki langur tími, en safnast þegar saman kemur!
- Lesum fyrir börnin og ræðum við þau, orðaforði er mikilvægur fyrir framtíðarlestarnám.
- Hafið samband við okkur ef á ykkur brenna spurningar, áhyggjur, ábendingar eða annað - finnum lausnir saman.